

10. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð hús-  
**eiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.** Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna  
með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 4 480.00  
í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps stað-  
festist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi  
og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1980.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

**Kristmundur Halldórsson.**

Nr. 276.

9. apríl 1980.

Staðfesting forsetans á stofnskrá listasafns Háskóla Íslands, útgefin á venju-  
legan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 9. apríl 1980.

Stofnskráin er þannig:

## STOFNSKRÁ

listasafns Háskóla Íslands.

1. gr.

Stofnað er listasafn Háskóla Íslands með listaverkagjöf hjónanna Ingibjargar  
Guðmundsdóttur og Sverris Sigurðssonar, Sævargörðum 1, Seltjarnarnesi.

2. gr.

Stofngjöf listasafnsins er 70 myndir eftir Þorvald Skúlason og 25 myndir eftir  
aðra íslenska höfunda, sbr. meðfylgjandi skrár. Hvorki má selja þessar myndir né  
aðrar sem safninu kunna að verða gefnar.

Þau málverk Þorvalds Skúlasonar, listmálara, er safnið fær upphaflega að  
gjöf og kann síðar að eignast, skulu mynda sérstaka deild í safninu, er bera skal nafn  
listamannsins.

3. gr.

Til listasafnsins skal Háskóli Íslands árlega leggja 1% þeirrar fjárhæðar, sem  
varið er til nýbygginga á vegum skólans, í fyrsta sinn árið 1980. Heimilt skal safninu  
að veita viðtöku gjöfum, hvort sem er í formi listaverka eða annarra fjármuna.  
Tekjum safnsins skal varið til varðveislu þess og viðhalds og kaupa á listaverkum.

4. gr.

Fyrst í stað verður safninu ætlaður staður í næstu nýbyggingu á háskólalóð,  
svonefndu hugvísindahúsi. Þar skal hluti safnsins að jafnaði aðgengilegur fyrir  
almennig og þeir, sem leggja stund á rannsóknir í íslenskri myndlistasögu, skulu  
hafa aðgang að því eftir því sem við verður komið. Einnig er í húsinu gert ráð  
fyrir geymslu fyrir þann hluta safnsins, sem ekki er til sýnis hverju sinni.

## 5. gr.

Stjórn listasafns Háskóla Íslands skipa þrjú menn, sem kosnir eru af háskólaráði til fjögurra ára. Kosning skal fara fram í janúarmánuði, í fyrsta sinn í janúar 1980. Stjórnin skiptir með sér verkum. Hlutverk stjórnarinnar er að hafa umsjón með eignum safnsins og fjárreiðum í samráði við háskólayfirvöld og taka ákvarðanir, er snerta rekstur þess og eflingu. Skal stjórnin í lok hvers árs gera háskólaráði grein fyrir starfsemi safnsins og viðgangi þess.

## MÁLVERKAGJÖF

Ingibjargar Guðmundsdóttur og Sverris Sigurðssonar  
til Háskóla Íslands.

## Skrá yfir myndir eftir Þorvald Skúlason.

- 1.—6. Landslags myndir frá æskustöðvum Þorvaldar Skúlasonar áður en hann fór í myndlistarnám. Málaðar 1923 með vatnslitum, stærð 18x25.
7. Uppstilling, 1927, olía, 42x48. Máluð undir leiðsögn Ásgríms Jónssonar.
8. Fyrirsæta, 1929, olía 84x68. Máluð í listaháskóla í Osló hjá prófessor Á. Revold.
9. T. Becström, sænskur listagagnrýnandi, 1929, olía 60x50.
10. Opdal í Noregi, 1929, olía, 47x55.
11. Pile Alle v/Frederiksberg, 1934, olía, 70x92.
12. Uppkast að kápumynd á bók H. Laxness „Sjálfstætt fólk“, 1935, vatnslitir, 23x30.
13. Frá Sikiley, 1938, olía 45x55.
14. Kona að lesa í bók, 1939, olía, 100x72.
15. Blóm í potti, 1940, olía, 60x44.
16. Stóðhestar, 1941, olía, 107x160.
17. Uppstilling við glugga, 1941, olía, 155x104.
18. Frá höfninni, 1942, vatnslitir, 43x50.
19. Sitjandi kona, 1942, olía, 95x70.
20. Skip í höfn, 1942, olía, 90x100.
21. Steinn Steinar, 1943, olía, 95x75.
22. Halldór Laxness, 1943, olía, 60x45.
23. Helgi Pálsson, tónskáld, 1943, olía 45x40.
24. Sjómenn, 1944, olía, 90x100.
25. Hús, 1944, olía, 55x45.
26. Boltaleikur, 1945, olía, 85x95.
27. Bragginn, 1945, olía, 75x60.
28. Málverk, 1945, olía, 85x75.
29. Málverk, 1946, olía, 48x49.
30. Málverk 1946, olía, 40x45.
31. Málverk — september, 1947, olía, 47x50.
32. Gríma, 1947, olía 85x95.
33. Málverk, 1948, olía, 50x65.
34. Undirdjúpin, 1948, olía, 110x120.
35. Sjávarþorp, 1949, olía, 65x70.
36. Málverk, 1950, olía, 54x60.
37. Málverk, 1951., olía, 86x75.
38. Málverk, 1951, olía, 100x90.
39. Málverk, 1952, olía, 100x84.
40. Málverk, 1953., olía, 65x50.
41. Málverk, 1954, olía, 50x60.
42. Málverk, 1955, olía, 40x55.
43. Málverk, 1956, olía 70x85.

44. Málverk, 1957, olía, 90x75.
45. Málverk, 1957, olía, 45x35.
46. Málverk, 1958, olía, 90x80.
47. Málverk, 1959, olía, 75x65.
48. Klippmynd, 1959, 37x30.
49. Málverk, 1959, olía, 103x80.
50. Málverk, 1959—61, olía, 100x77.
51. Málverk, 1961, olía, 55x65.
52. Málverk, 1962, olía, 95x95.
53. Málverk, 1963, olía, 130x96.
54. Málverk, 1964, olía, 50x50.
55. Málverk, 1965, olía, 112x101.
56. Málverk, 1966, olía 132x162.
57. Málverk, 1967, olía, 80x60.
58. Málverk, 1967, olía, 70x75.
59. Málverk, 1968, olía, 40x50.
60. Málverk, 1969, olía, 110x80.
61. Málverk, 1970, olía, 100x75.
62. Málverk, Stormur, 1971, olía, 131x162.
63. Málverk, 1972, olía, 90x140.
64. Málverk, 1973, olía, 70x55.
65. Málverk, 1974, olía, 60x50.
66. Málverk, 1975, olía, 120x90.
67. Málverk, 1976, olía 85x105.
68. Málverk, 1977, olía, 75x100.
69. Málverk, 1978, olía, 69x91.
70. Málverk, 1979, olía, 115x162.

### MÁLVERKAGJÖF

Ingibjargar Guðmundsdóttur og Sverris Sigurðssonar til Háskóla Íslands.

Skrá yfir myndlistagjöfina samtals 25 myndir eftir 20 höfunda.

1. Pulur, 1972, olía 115x130, Guðmunda Andrésdóttir.
2. Sveitabær, 1943, olía, 75x105, Gunnlaugur Blöndal.
3. Búð í Grindavík, 1940—'41, olía, Gunnlaugur Scheving.
4. Menn á bát, 1955, olía 76x85, Gunnlaugur Scheving.
5. Jónas Gíslason, föðurbróðir listamannsins, olía, 52x43, Gunnlaugur Scheving.
6. Málverk, 1952, olía, 90x90, Hjörleifur Sigurðsson.
7. Frá landinu helga 1954, olía, 60x75, Jóhann Briem.
8. Bátar og segl, 1951, olía, 105x145, Jóhannes Jóhannesson.
9. Gustur, 1956, olía, 85x100, Jóhannes Jóhannesson.
10. Nakin stúlka við ofn, 1916—'18, olía, 125x89, Jón Stefánsson.
11. Frá Þingvöllum, 1940, olía, 80x110, Jón Þorleifsson.
12. Þistlar, 1956, olía, 65x75, Júlíana Sveinsdóttir.
13. Málverk, 1958, gouache, 55x97, Karl Kvaran.
14. Hvítar rúnir, 1977, olía, 90x100, Kjartan Guðjónsson.
15. Erlent landslag, 1917, olía, 42x62, Kristín Jónsdóttir.
16. Málverk, 1964, olía, 100x90, Kristján Davíðsson.
17. Málverk, 1955, olía, 51x31, Nina Tryggvadóttir.
18. Uppstilling, 1957, olía, 45x60, Sigurður Sigurðsson.
19. Frá Vestfjörðum, 1944, olía, 70x105, Snorri Arinbjarnar.
20. Fönsun, 1958, blönduð tækni, 50x40, Svavar Guðnason.

21. Jökulsá á Fjöllum, olía, 85x105, Sveinn Þórarinsson.
22. Málverk, 1948, olía 35x35, Valtýr Pétursson.
23. Málverk, 1957, gouache, 30x52, Valtýr Pétursson.
24. Málverk, 1971, olía, 75x100, Vilhjálmur Bergsson.
25. Frá höfninni, 1947, olía, 48x32, Örlygur Sigurðsson.

Nr. 277.

## REIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands 1979.

Efnahagsreikningur 31. desember 1979.

### Eignir :

1. Skuldabréf fyrir lánum út á:		
a) Fiskiskip .....	kr.	56 321 372 618
b) Hraðfrystihús .....	—	6 572 302 695
c) Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur .....	—	860 073 873
d) Aðrar fiskvinnslustöðvar .....	—	1 194 448 855
e) Skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir .....	—	91 719 836
f) Ýmsar fasteignir (verbúðir o. fl.) .....	—	339 697 908
2. Skuldabréf vegna breytinga á skuldum sjávarútvegsins 1975 fyrir lánum út á:		
a) Fiskiskip .....	kr.	460 720 471
b) Fasteignir .....	—	479 561 474
3. Hagræðingarlán: .....	—	2 210 553 602
4. Fyrirframgreiðslur vegna innlendrar skipasmíði o. fl. ....	kr.	3 405 572 751
5. Verðbréf .....	—	85 700 988
6. Ýmsir skuldunautar .....	—	197 051 037
7. Bankainnstæður:		
a) Fiskveiðasjóður .....	kr.	1 175 332 126
b) Stofnfjár sjóður .....	—	1 294 987 111
c) Gengisjöfnunarstyrkur .....	—	45 218 269
d) Hagræðingarlán .....	—	97 924 713
	kr.	2 613 462 219
	kr.	74 832 238 327

Reykjavík, 7. febrúar 1980.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Sverrir Júlíusson.

*Svavar Ármannsson*  
*Gunnar P. Ívarsson.*

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikningsfærslu og bókhald sjóðsins á árinu, fylgiskjöl, lánskjöl, verðbréf og bankareikninga og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 26/2 1980.

*Birgir Finnsson.*                      *Ásmundur B. Olsen.*